

Þvi dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi Margrét Árnason greiði hinum stefndu, Eggert Claessen fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur og settum sýslumanni Eiriki Einarssyni fyrir hönd dánarbús Ólafs Árnasonar 25 kr. í málskostnað hvorum, er lúkist áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. janúar 1917.

Nr. 52/1916:

Einar Benediktsson
gegn

Gísla Sveinssyni f. h.
dánarbús Sigurbergs Einarssonar.

D ó m u r :

Árið 1906, 25. janúar, lauk áfrýjandi þessa máls, Einar Benediktsson, þá sýslumaður og skiftaráðandi í Rangárvallasýslu, skiftum á dánar- og félagsbúi Einars Einarssonar og Þorbjargar Jónsdóttur frá Raufarfelli. Erfingjar búsins voru 4 börn nefndra hjóna, 2 fullveðja, annar þeirra ofangreindur Sigurbergur Einarsson, og eru þeir eigi taldir viðstaddir

við skiftin, en fyrir hönd allra erfingjanna mætti við skiftin Páll Pálsson bóndi í Hlíð, samkvæmt skipun skiftaráðanda. Innköllun til innheimtumanns búsins var ekki gefin út, en í niðurlagi skiftagerðarinnar segir svo: Fyrir hönd allra erfingjanna, eins fyrir alla og allra fyrir eins, ábyrgist hinn mætti Páll bóndi Pálsson í Hlíð, að borga allar skuldir búsins, þær sem að ofan eru taldar, og einnig þær, er síðar kunna að koma fram«. Páll þessi Pálsson skrifaði þó eigi undir skiftagerðina, en það sést ekki hvort þetta hefir orðið af gleymsku eða því, að Páll hafi ekki viljað taka á sig áminsta ábyrgð. Erfinginn, Sigurbergur Einarsson, hefir staðhæft, að hann hafi eigi meðtekið erfðahluta sinn úr búinu, og þóttist hann eiga aðgang að áfrýjanda um skil á arfinum, er samkvæmt skiftabókinni var 288 kr. í peningum og $\frac{1}{4}$ hluti af eign búsins í Raufarfelli, en með því að áfrýjandi vildi ekki viðurkenna að hann bæri neina ábyrgð á arfi Sigurbergs úr nefndu búi, höfðaði Gísli Sveinsson yfirréttarmálaflutningsmaður mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur fyrir hönd Sigurbergs gegn áfrýjanda, og krafðist þess, að áfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér fyrir hönd umbjóðanda síns 288 kr. með 5 $\frac{1}{2}$ % vöxtum frá 25. jan. 1906 til borgunardags, svo og $\frac{1}{4}$ hluta af landsskuldjarðarinnar Raufarfells frá sama tíma. Áður en bæjarþingsstefnan í málinu var birt, andaðist Sigurbergur Einarsson, en málinu var haldið áfram fyrir hönd dánarbús hans, og gekk dómur í því 13. júlí f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða stefnda 288 kr.

með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 14. desbr. 1915 til borgunardags, og 25 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Einar Benediktsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. ág. f. á., og eru kröfur hans hinar sömu og fyrir undirréttinum, að verða algerlega sýknaður í málinu og fá sér dæmdan hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Fyrir kröfu sinni um sýknun telur áfrýjandi þær ástæður, að fyrnefndur Páll Pálsson, sem dó haustið 1912, hafi tekið við örfunum úr búinu, einnig arfi Sigurbergs, og beri ábyrgð á þeim gagnvart erfingjunum sem umboðsmaður þeirra við skiftin, enda sé það sannað í málinu, að hann hafi haft undir höndum og borgað erfðahluta hinna þriggja erfingjanna, að Sigurbergur, sem verið hafi heimilismaður eða sambýlismaður Páls, þegar skiftin fóru fram og síðar, hafi hlotið að vita um arfinn, er honum tæmdist eftir foreldra hans og að arfurinn var í vörzlum Páls, er hann (Sigurbergur) hafi viðurkent vera umboðsmann sinn við skiftin, en þó hafi hann ekki farið að grenslast eftir arfinum fyr en 8 árum eftir skiftin, með bréfi til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, 27. jan. 1914, þegar lokið var gjaldprotaskiftum á dánarbúi Páls Pálssonar. Það sé því eftirgangsleysi Sigurbergs að kenna, ef hann hafi ekki fengið arfinn greiddan frá Páli, og sé það sér ábyrgðarlaus. Loks heldur áfrýjandi því fram, að krafan, þótt rétt væri, sé ógild orðin fyrir fyrningu.

Krafa stefnda um eftirgjald af parti Sigurbergs í Raufarfelli var eigi tekin til greina í bæjarþings-

dómnum. og kemur því eigi hér til álita, með því að stefndi hefir eigi áfrýjað dómnum. Að öðru leyti heldur stefndi sér við það, að Sigurbergur hafi eigi fengið peninga þá, er honum skiftust í arf eftir foreldra hans, og að áfrýjandi beri ábyrgð á því, hvort sem hann hafi fengið Páli Pálssyni þá í hendur eða eigi. Krefst stefndi staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Þó að þess sé eigi getið í skiftagjörðinni, að Páll Pálsson hafi tekið á sig þargreinda ábyrgð, eða fengið í hendur arfahlutana eða annað fé búsins, og þó að hann hafi eigi skrifað undir skiftagerðina og eigi sé framkomin í málinu önnur viðurkenning frá honum um ábyrgð hans á fé búsins, þá virðist þó mega gera ráð fyrir því, að Páll, sem, að því er telja má viðurkent, hefir tekið við og greitt aftur frá sér arfa 3ja systkina Sigurbergs, hafi einnig tekið við arfi hans hjá áfrýjanda. En þó að gert sé ráð fyrir þessu, verður eigi fyrir það litið svo á, að áfrýjandi sé laus allrar ábyrgðar á arfi Sigurbergs, því að eigi verður fallist á það, að skipun Páls Pálssonar af hendi skiftaráðanda til að mæta við skiftin fyrir hönd fullveðja erfingja, geti komið í staðinn fyrir umboð frá þessum erfingjum til að taka við og kvitta fyrir arfi þeirra, en Páll hafði ekkert slíkt umboð frá Sigurbergi, og áfrýjandi gerði það því á sína ábyrgð að trúá Páli fyrir arfahluta Sigurbergs. Með því að eigi er sannað að umgetin arfsupphæð hafi verið greidd Sigurbergi, hvorki af Páli né af áfrýjanda, átti hann kröfu á hendur áfrýjanda um greiðsluna. Þessari kröfu verður hann eigi talinn að hafa

fyrirgert með drætti eða tómlæti að ganga eftir arfinum, sem hann eftir sögusögn Páls, kvaðst hafa ætlað að væri í vörzlum skiftaráðanda og talið þar vel geymdan, og eigi þurft fyrir á að halda. Og með því krafan eigi heldur álizt fallin úr gildi fyrir fyrningu, ber að taka hana til greina eins og gert er í bæjarþingsdómnum og með því einnig verður fallist á ákvæði dómsins um vexti og málskostnað verður að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjandi Einar Benediktsson greiði stefnda Gisla Sveinsyni fyrir hönd dánarbús Sigurbergs Einarssonar 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður en 8 vikur eru liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. janúar 1917.

51/1916.

Borgarstjóri Reykjavíkur
f. h. bæjarsjóðsins
gegn
Hannesi Thorarensen f. h.
Sláturfélags Suðurlands.